

Aðalskipulag Þingeyrar og Dýrafjarðar - áherslur íbúa

Til : Heiða Hrund Jack;Birgir Gunnarsson;Bryndís Ósk Jónsdóttir;Axel Rodriguez Överby;Bjorn Gudbrandsson <bjorn@ark.is>;Daníel Jakobsson;Kristján Svan Kristjánsson

Frá : Ketill Berg Magnússon <ketill@gmail.com>

CC : Sigmfth;Agnes Arnardóttir <agnes@vestfiridir.is>;Wouter Van Hoeymissen;Ólöf Guðný Valdimarsdóttir <olof@boark.is>;Pálmar Kristmundsson <palmar@pk.is>

Heiti : Aðalskipulag Þingeyrar og Dýrafjarðar - áherslur íbúa

Málsnúmer : 2020070011

Málsaðili : Ísafjarðarbær - byggingarfulltrúi

Skráð dags : 12.12.2020 11:54:54

Höfundur : Ketill Berg Magnússon <ketill@gmail.com>

Viðhengi [Aðalskipulag Þingeyrar - áherslur íbúa haust 2020.pdf](#)[Aðalskipulag Þingeyrar - áherslur íbúa haust 2020.pdf](#)

Góðan dag,

Meðfylgjandi eru tillögur frá íbúum og velunnurum Þingeyrar og Dýrafjarðar um aðalskipulag svæðisins. Óskum við eftir að tekið verði tillit til þessa í yfirstandandi endurnýjun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Að frumkvæði íbúa og með stuðningi Íbúasamtaka Þingeyrar (formaður Sigmundur Fríðar Þórðarson), Allra vatna til Dýrafjarðar (verkefnastjóri Agnes Arnardóttir) og Blábankans (formaður stjórnar Ketill Berg Magnússon) var haldinn opinn íbúafundur um aðalskipulag fyrir Þingeyri og Dýrafjörð þann 10. október síðastliðinn. Í undirbúningi og í kjölfarið var fengin aðstoð frá arkitektunum Ólöfu Valdimarsdóttur og Pálmari Kristmundssyni og niðurstöður fundarins settar í samhengi við skipulagsmál. Einnig tengdum við niðurstöðurnar við Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og markmið ríkisstjórnar Íslands um þau. Þess má geta að öll unnum við þetta í sjálfböðavinnu meðfram okkar störfum.

Niðurstaðan er í meðfylgjandi skjali þar sem lýðræðisleg vinna íbúa kemur fram og afar skýr framtíðarsýn íbúa Þingeyrar og Dýrafjarðar um hvernig svæðið verði nýtt með ábyrgum hætti. Þessi sýn er mikilvægt innlegg inn í yfirstandandi endurskoðun sveitafélagsins á aðalskipulaginu.

Skipulagsyfirvöld sveitafélagsins hafa eflaust áætlað samráð um aðalskipulagið á næstunni. Þessari vinnu okkar er ætlað að styðja við það og óskum eftir fundi sem fyrst á nýju ári með bæjarstjórn og skipulagsyfirvöldum til að kynna þessar áherslur frekar.

Aðventukveðjur!

Fyrir hönd þeirra sem að verkefninu komu,

-

Ketill Berg Magnússon

[See my profile on LinkedIn](#)